



Erindi frá Lars Lund á Hallgilsstöðum 1

Fyrir skömmu ræddi ég við sveitarstjóra um að byggja 3 lambhús (skýli) að Hallgilsstöðum 1. Til þess þarf efni sem kostar um 250 þúsund á hvert hús. Það er timbur, naglar, þaksaumur og ýmislegt annað. Að auki þarf að gera nýja girðingu meðfram veginum og ég vildi gjarnan kaupa efni í hana samhliða öðrum efniskaupum. Ég hef fengið tilboð frá Landstólpa og Hultin á Kópaskeri. Efniskaup eru eftirfarandi:

Staurar-600stk	718.200
Girðingar net	480.600
Gaddavír	121.580
Naglar	19.350
Samtals	1.339.730

Hultin:

	517.200
	355.820
	63.930
	47.390
Samtals	984.340
Alls	2.324.070

Mér er sagt að Langanesbyggð greiði fyrir að gera kaffistofu og lambhúsin sem við byggðum í apríl og mér er einnig sagt að þau kosti 500 þús. hvert.

Ástæðan fyrir því að við viljum byggja fleiri skýli er að við misstum allt of mörg lömb og kindur í maí og júní þar sem þeim var sleppt of fljótt vegna plássleysis. Þess vegna vona ég að stjórn Jarðasjóðs taki vel í þetta.

Það er mín skoðun að það þurfi að mála fjárhúsin í sumar svo það ryðgi ekki. Við höfum gert ýmislegt í fjárhúsunum m.a. sett upp ljós í fjárhúsum og hlöðu. Inn í hlöðunni höfum við sett upp garða sem hægt er að fjarlægja ef óskað er. Hesthúsin eru að verða tilbúin, ég er bara að bíða eftir mönnum frá RARIK til að laga kapal sem er bæði hættulegur fyrir dýr og fólk. RARIK þarf að einangra hann vel og leggja nýja kapal í hlöðuna vegna þess að sá sem fyrir er er allt of grannur. Vona svo að við getum átt gott samstarf í framtíðinni. Ég hlakka til að fá klæðninguna á húsið og setja upp varmadælu þannig að það verði ekki svona kalt í húsinu.

Nú þegar svona kalt er þá frýs vatnið á nóttunni svo við látum það renna yfir nóttina til að það frjósi ekki. Við þurfum að skoða leiðslurnar og jafnvel að einangra þær betur.

Með kærri kveðju,

Lars Lund